

Nd.

766. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til laga um innflutning búfjár.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á tveim fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson vilja samþykkja frumvarpið óbreytt. Við undirritaðir, Ágúst Þorvaldsson og Jón Pálmason, viljum gerbreyta frumvarpinu og gera það að allsherjarbanni gegn innflutningi erlendra dýra. Flytjum við um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Karl Guðjónsson mun gefa út sérstakt álit.

Afstaða okkar til þessa máls byggist á því, að af innflutningi erlendra dýra hefur leitt gifurlega ógæfu hér á landi, og fer þó fjarri, að enn sé þar fyrir endann séð.

Í fyrsta lagi er í okkar sögu kunnugt, að fjárkláði var í tvö skipti fluttur inn með erlendu fé og olli þá og alltaf síðan gifurlegu tjóni fyrir sauðfjárrækt okkar lands.

Í öðru lagi má minna á allar þær pestir, sem inn voru fluttar með karakúlfénu, og þá ægilegu ógæfu, sem af þeim hefur hlotizt. Í álitum yfirdýralæknis, Páls A. Pálssonar, kemur það fram, að hann áætlar tjónið af þessum pestum orðið eitt þúsund milljónir króna árið 1960, ef miða skal við núverandi gengi okkar krónu. Er þó fjarri því, að þarna sé fyrir endann séð. Vofir meðal annars yfir að hafa fjárskipti í einu stærsta hólfi landsins, Mýrahólfinu. Áætlað yfirdýralæknir kostnað við það 100 milljónir króna.

Í þriðja lagi má minna á minkapláguna, sem ógnar okkar fuglalífi og veiðifiskum í ám og vötnum.

Í fjórða lagi má geta þess, að vel er á veg komið að eyðileggja okkar innlenda hundakyn með innflutningi erlendra hunda.

Í fimmta lagi má geta þess, að hér á árunum voru flutt inn nokkur holdanaut, sem mikið gagn átti þá að verða að. En þau reyndust hafa smitandi sjúkdóm og voru því öll drepin í tæka tíð.

Að fenginni þessari reynslu teljum við réttast og bezt að afnema allar heimildir til að flytja inn erlend dýr. Varnir allar á því sviði hafa reynzt ótryggar, enda ekki gott að treysta mönnum vel í þeim efnum.

Loks má geta þess, að það bætir ekki úr varðandi afgreiðslu þessa máls, að sá maður, sem mestu ætti að ráða í þessum efnum, yfirdýralæknir landsins, leggur á móti frumvarpinu.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Jón Pálmason, Ágúst Þorvaldsson.
form., frsm.